

Sp.

85. Fyrirspurnir.

[83. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um tilraunaveiðar og nýtingu á smokkfiskstofninum.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hefur verið fylgst með göngu smokkfisks á Íslandsmið nú í sumar og undanfarin sumur?
2. Hafa verið gerðar tilraunir hér við land til veiða á smokkfiski með veiðarfærum sem vitað er að notuð eru af fiskimönnum annarra þjóða við veiðar á þessum fiski, t. d. flotvörpu?
3. Hver eru framtíðaráform um nýtingu smokkfiskstofnsins hér við land?
4. Hve mikið var flutt inn af smokkfiski til beitu á hverju ári árin 1979, 1980 og 1981 — magn og verðmæti óskast tilgreint?

II. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmd viðræðna um verðmyndunarkerfi landbúnaðarins og endurskoðun útflutningsbótakerfisins.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hverjir hafa annast viðræður við samtök bænda um:
 - a) Breytingar á verðmyndunarkerfi landbúnaðarins í samræmi við yfirlýsingu sem birt var í skýrslu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum sem lögð var fram á Alþingi í upphafi þessa árs, en þar var sagt að ríkisstjórnin mundi „hefja viðræður við aðila um verðmyndunarkerfi sjávarútvegs og landbúnaðar um breytingar á skipan þessara mála, sem stuðlað gætu að hjöðnun verðbólgu, en tryggt um leið afkomu í greinum þessum“.
 - b) Endurskoðun útflutningsbótakerfisins fyrir landbúnaðarafurðir í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út s. l. ágúst, en þar var því einnig lýst yfir að draga ætti úr þörfinni fyrir útflutningsuppbætur?
2. Hvað hafa viðræðufulltrúar ráðuneytisins haldið marga fundi með fulltrúum bændasamtakanna um þessi efni, hvenær voru fundirnir haldnir og hverjir hafa skipað viðræðunefnd bændasamtakanna?
3. Hvaða hugmyndir eða tillögur um breytingar á verðmyndunarkerfi og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins hafa viðræðufulltrúar ráðuneytisins lagt fram á þessum fundum og hvaða undirtektir hafa þær fengið hjá samtökum bænda?

II. Til samgönguráðherra um endurbyggingu Egilsstaðaflugvallar.

Frá Jóni Kristjánssyni.

Hvað líður athugunum á flugvallarstæði til frambúðar fyrir Egilsstaðaflugvöll og hvenær er ákvarðana að vænta um endurbyggingu hans?